

Spurningar til að velta fyrir sér:

1. Ef þú vilt að barnið þitt sé fært í að taka ákvarðanir, hvaða möguleika gefur þú því til að taka ákvarðanir?
2. Ef þú vilt að barnið þitt læri seiglu, hvaða möguleika gefur þú því til að gera mistök, læra af þeim, og kannski að finna leiðir til að leiðrétta þau án ásökunar eða smánar?
3. Ef þú vilt að barnið þitt læri að taka ábyrgð (viðbragðs-hæfileika), hvaða möguleika gefur þú því til að vita að bæði velgengni og misbrestur eru til að læra af – aftur, án ásökunar eða smánar?
4. Ef þú vilt að barnið þitt læri samvinnu, ert þú að kenna því að gefa og þiggja, í stað þess að skilgreina samvinnu sem „gerðu það sem ég vil að þú gerir“? Ert þú að kenna því að leysa málin með þér, þar sem þið beitið hugarflæði þangað til þið finnið lausnir sem virka fyrir alla?
5. Ef þú vilt að barnið þitt læri að hlusta (virk hlustun – hlustunartækni), ertu þá að þroska hlustunarfærni þess með því að hlusta á þá? Tekur þú hugsanir þess og hugmyndir alvarlega og virðir þú tilfinningar þess?
6. Ef þú vilt að barnið þitt læri sjálfstjórn, hefur þú tamið þér sjálfstjórn? Bregst þú strax við hegðunarbrestum barnsins, eða tekur þú tíma til umhugsunar og kemur með úthugsuð viðbrögð? Þegar þú nærð ekki að beita nægilega mikilli sjálfstjórn, bætir þú upp fyrir mistök þín þegar þú nærð aftur stjórninni – með því að taka ábyrgð, biðjast afsökunar, eða vinna úr vandamálinu af virðingu og finnur úrlausnir í samvinnu við barnið?

Hver þekkir þetta:

Af hverju gerir þú aldrei....?”
 „Af hverju getur þú ekki....?”
 „Þú hlýtur að átta þig á að....?”
 „Hve oft þarf ég að segja þér að..?”
 „Ég trúí ekki að þú hafir gert þetta...?”
 „Þú veldur mér þvílíkum vonbrigðum”.

Skilaboðin eru: „Þar sem þú sérð ekki það sem ég sé, átt þú sökina.”
 Leiðir til sektar og skammar frekar en stuðnings og hvatningar.

Kannaður frekar skilning barnsins á vandamálinu, athugaðu ...